

2015-2017

Handbók Kennsluhættir í anda John Morris



Anna Svanhildur Daníelsdóttir

Brynhildur Snorradóttir

Guðfinna Aradóttir

Rannveig Stefánsdóttir

Formáli.....	2
Inngangur.....	3
Markmið.....	4
Uppröðun í kennslustofu.....	4
Amboð.....	5
Hringekja.....	5
Spjallvinir.....	6
Kennsluáætlun.....	6
Innlögn.....	7
Vinnustund.....	7
Samantekt / talað og hlustað.....	7
Námsveggur/námsstoðir (Scaffolding).....	8
Leiðsagnarmat.....	8
Lokaorð.....	10
Fylgiskjöl.....	11
Fylgiskjal 1.....	11
Fylgiskjal 2.....	11
Fylgiskjal 2.....	12
Fylgiskjal 3.....	13
Fylgiskjal 4.....	14
Fylgiskjal 5.....	15
Fylgiskjal 6.....	16
Fylgiskjal 7.....	17
Fylgiskjal 8.....	18
Fylgiskjal 9.....	19

Formáli

Á yngsta stigi í Álftanesskóla er unnið eftir kennsluháttum John Morris í Ardleigh Green junior school í London. Kennarar í Hamraskóla innleiddu aðferðina undir heitinu „Vörður og vegvísir“ og nutu kennarar í Álftanesskóla handleiðslu þeirra í upphafi.

Árið 2015 sóttu kennarar á yngsta stigi um styrk í Próunarsjóð Garðabæjar til að dýpka skilning sinn á þessum kennsluháttum með það að leiðarljósi að nota námshvetjandi aðferðir sem hrífa nemendur með og hvetja þá til náms. Ákveðið var að afrakstur þróunarverkefnisins væri meðal annars þessi handbók, til að auðvelda nýjum kennurum að tileinka sér kennsluhættina í Álftanesskóla.

Við vinnslu handbókarinnar var lögð áhersla á að hún væri aðgengileg og nýttist sem uppflettirit.

Inngangur

Á yngsta stigi eru kennsluhættir John Morris notaðir í íslensku. Þessir kennsluhættir taka til skipulags, uppröðunar í skólastofu, sýnikennslu og tímastjórnunar.

Þetta fyrirkomulag styður við kennara í þeim tilgangi að þeir séu ávallt meðvitaðir um markmið og námsmat hverju sinni.

Í handbókinni eru útskýringar á þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar íslenskukennslu á yngsta stigi.

Markmið

Námsmarkmiðum vetrarins er skipt í lotur (sjá fylgiskjal 1).

Námsþættir hverrar lotu eru: ritun, talað og hlustað, málfræði og stafsetning og lestur og lesskilningur (sjá fylgiskjal 2).

Að hausti er unnin kennsluáætlun með markmiðum og kennsluháttum vetrarins sem sýnileg er á heimasíðu Álfstanesskóla.

Uppröðun í kennslustofu

Kennari skiptir nemendum upp í fjóra hópa og þeir einkenndir með litunum gulur, rauður, grænn og blár. Sætaskipan er breytt að meðaltali á tveggja vikna fresti. Öll námsgögn eru geymd í „verkfærakössum“ sem eru á hverju hópaborði fyrir sig, blýantar, strokleður, yddarar, litir, skæri, límstifti, tússtöflur, töflutúss, afpurrkunarklútur fyrir tússtöflur og teygjumöppur í lit hópa fyrir ólokin verkefni vikunnar (sjá fylgiskjal 3).

Verkefni hringekjunnar eru geymd í glærum plastboxum merktir með bókstöfunum A, Á, B, D. Kennari tekur verkefnin úr bókstafaboxunum og lætur í „verkfærakassa“ hjá hverjum hópi fyrir sig fyrir hverja kennslustund (sjá fylgiskjal 4).

Amboð

Orðið amboð merkir verkfæri eða hjálpartæki. Útbúin hafa verið amboð fyrir nemendur þar sem þeir sjá í máli og myndum til hvers er ætlast af þeim og hvernig á að vinna. Amboð sem við notum eru: framsagnaramboð, amboð fyrir áheyrendur, skriftaramboð, amboð fyrir fyrmyndarmálgrein, samtengingarkeðja og greinarmerkjaskylda (sjá fylgiskjal 5).

Amboð eru lögð inn skv. kennsluáætlun og eru höfð sýnileg í skólastofunni.

Hringekja

Hringekja er vinnufyrirkomulag þar sem unnin eru fjögur verkefni í viku, eitt í hverjum hringekjutíma. Verkefnin skiptast niður á hópa, þannig að í lok vikunnar hafa allir hóparnir unnið öll verkefnin. Áhersla er lögð á að þrír hópar fái sjálfbær verkefni og einn hópur kennarastýrt verkefni. Hringekjuspjald er sýnilegt uppi á vegg fyrir nemendur (sjá fylgiskjal 6).

Verkefnamöppur eru til fyrir hvern árgang sem innihalda hringekjuskipulag fyrir hverja viku ásamt sýnishornum af verkefnum.

Spjallvinir

Með spjallvinum er átt við að 2-3 nemendur ræða saman í stutta stund um ákveðið efni sem kennari leggur inn. Einnig geta spjallvinir unnið stutt verkefni saman á tússtöflu ([sjá fylgiskjal 7](#)). Sem dæmi eiga spjallvinir að finna 3 lýsingarorð og skrifa niður á tússtöflu. Kennari leggur áherslu á að nota opnar og fjölbreyttar spurningar sem krefjast ólíkrar hugsunar ([sjá fylgiskjal 7](#)).

Kennari gefur nemendum ákveðinn tíma fyrir umræður og vekur athygli á hve mikill tími er eftir hverju sinni, til að hvetja nemendur til að nýta tímann sem best.

Kennsluáætlun

Kennsluáætlun er gerð fyrir hverja viku, þar sem fram koma allar áherslur vikunnar, s.s. markmið, ítarleg lýsing á hverju verkefni fyrir sig, innlagnir o.fl. ([sjá fylgiskjal 8](#)).

Hverri kennlustund er skipt upp í þrjá hluta:

- Innlögn 15 mín.
- Vinnustund 25 mín.
- Samantekt / talað og hlustað 15 mín.

Kennari notar tímavaka til að gera vinnustundatímann sýnilegan fyrir nemendur.

Innlögn

Í upphafi viku er ítarleg innlögn þar sem farið er yfir markmið og áherslur vikunnar. Í innlögn eru spjallvinir og tússtöflur notaðar og upplýsingum safnað á námsvegg. Hina dagana eru styttri innlagnir sem styðja við markmiðin og tengjast verkefnum. Notaðar eru ýmsar kveikjur til að dýpka skilning nemenda á námsþáttunum (sjá fylgiskjal 8).

Vinnustund

Vinnustund er tíminn sem nemendur vinna að verkefnum hringekjunnar. Ein vinnustöðin er kennarastýrð þar sem kennarinn er til aðstoðar. Hinar stöðvarnar eru nokkuð sjálfstæðar (sjá fylgiskjal 8).

Mikilvægt er að hafa aukaverkefni í hverju boxi fyrir þá nemendur sem ljúka við verkefnið innan tímans.

Samantekt / talað og hlustað

Í lok hvers tíma flytur einn hópur verkefnið sitt. Jafningjamat fer fram þar sem nemendur og/eða kennari gefa 3 stjörnur og 1 ósk. Í stjórnunum felst að nemendur hrósa því sem vel er gert og í óskinni hvað betur má fara. Í lok vikunnar eru námsþættir og námsmarkmið dregin saman bæði til upprifjunar og áherslu. Þetta er gert með opnum spurningum og spjallvinum. Samræður kennara og nemenda er stór þáttur í að gera efnið merkingarbærara.

Jafningjamat er stór þáttur í daglegu starfi. Nemendur vita að í námi þeirra er lögð áhersla á það sem er jákvætt og þegar betur má fara má jafnan koma með ábendingar eða tillögur að úrræðum.

Námsveggur/námsstöðir (Scaffolding)

Í innlögn safnar kennarinn hugmyndum frá nemendum á námsvegg sem nýtast þeim í verkefnum sem bíða þeirra. Þessi vinna hefst á því að kennari og nemendur byrja að ræða saman. Kennari spyr opinna spurninga sem spjallvinir ræða og skrá möguleg svör/niðurstöður sínar á tússtöflur. Kennari dregur svörin/niðurstöður saman á námsvegg. Umræður taka meirihluta tímans. Þessi aðferð nýtist vel í undirbúningi t.d. fyrir ritunarverkefni (sjá myndir í fylgiskjali 9).

Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat er notað markvisst til að leiðbeina nemendum um hvernig þeir geti náð settum markmiðum.

Á kennarastýrðu stöðinni er áhersla á leiðsagnarmat. Kennarinn leiðbeinir nemendum jafnóðum og gefur þeim endurgjöf á það sem gengur vel, hvað þarf að bæta og á gæði verkefna.

- Tússtöflur eru markvisst notaðar í innlögn og samræðum spjallvina. Í gegnum þá vinnu er kennari fljótur að taka stöðu nemenda.

- Kennari notar bleikan og gulan áherslupenna (brosandi bleikur og gættu þín gulur) til að gefa nemendum endurgjöf. Nota skal bleikan penna meira til að draga það fram sem vel er gert. Þannig fá nemendur hvatningu til að halda áfram að gera vel. Vanda þarf endurgjöf svo að hún komi að gagni, það á t.d. ekki að setja út á stafsetningu ef markmiðið var að skrifa áhugaverða byrjun á sögu.

Lokaorð

Vinnan við gerð þessarar handbókar hefur verið lærdómsrík og stuðlað að bættum kennsluháttum í öllum námsgreinum. Þó hér sé fjallað um íslensku höfum við einnig tekið upp þessa kennsluhætti í stærðfræði að einhverju leyti.

Árgangarnir hafa samræmt vinnubrögð sín til hins betra og um leið aukið samvinnu milli kennara á stiginu. Samfella í námi barna milli árganga á yngsta stigi hefur aukist sem hefur auðveldað alla vinnu t.d. þegar forfallakennari leysir af.

Handbókin er lifandi plagg og í sífelldri þróun samhliða þróun kennsluaðferðarinnar.

Það er von okkar að hún nýtist nýjum kennurum á yngsta stigi í Álftanesskóla. Von okkar er einnig sú að skólastjórnendur haldi þessari handbók á lofti þegar nýir kennarar eru ráðnir á stigið, með sérstökum kynningarfundum.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Kennsluáætlun skólaárið 2016 - 2017

Bekkur: 1.bekkur

Námssgrein: Íslenska

Fjöldi kennslustunda: 7 kennslustundir á viku

Kennarar: Rannveig Stefánsdóttir, Sigríður Birgisdóttir, Sveinbjörg Bergsdóttir

Áfangalýsing: kennsluáætlun, skipulag					
Kennnt samkvæmt kennsluáætluninni „Vörður og vegvisir“ og fer kennslan fram í hringekju. Aðaláhersla á haustönn er á lestrarkennslu. Lagðir eru inn tveir til þrjú bókstafir á viku og lestur og skrift þjálfað samhliða. Unnið er með hljóðkerfisvitundina m.a. með markvissri málörvun. Á vorönn er aukin áhersla á lestur, lesskilning, skrift og ritun. Leitast er við að nota fjölbreyttar kennsluáætlunir, s.s. beina kennslu/innlög, námsleiki, para/hópavinnu, framsögn, umræður, verklegar æfingar, útikennslu o.fl.					
Dags.: mán.	Viðfangsefni:	Lýsing:	Grunnefni:	Markmið:	Námssmat:
Lota 1 6 vikur 29. ágúst – 09. okt.	Lota 1 og 3 Stafainnlögn Talað mál og hlustun Lestur og bókmenntir Ritun Málfræði	Unnið með sögur með stöfum vikunnar í. Fundið er lykilorð sögunnar og það inniheldur stafi þá sem unnið er með, t.d. Tár úr steini hefur lykilorðið „tár“ eða t, á og r.	Lestrarbækur frá „Vörður og vegvisir“ . Lestrarbækur af leslista skólans.	Talað mál og hlustun Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"> geti talað fyrir framan hóp geti sagt frá eigin myndum geti sagt frá sjálfum sér og eigin reynslu geti sagt frá eftirminnilegum atburðum geti virt reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu. tileinki sér framsagnaramboð: <ul style="list-style-type: none"> standi í báðar fætur og með bakið beint horfi til áheyrenda þegar talað er tali hátt og skýrt haldi blaði eða bók á réttum stað 	Í byrjun annar er könnuð stafabekking nemenda. Í október er lögð fyrir lesskimunin “ Leið til læsis”.
Lota 2 3 vikur 10. okt. – 30. okt	Lota 2 Stafainnlögn, upprifjun og þjálfun	Nemendur vinna hljóðgreiningarverkefni, skrifa stafina og fleira. Ein stöðin er talað/hlustað, þar sem nemendur kynna vinnu sína, sem er mynd, texti eða annað.	Lestrarlandið og ýmsar sögubækur sem notaðar eru í innlögnum s.s. „Nei, sagði litla skrímslið“.		Í „talað og hlustað“ er jafningjamat í lok hvers tíma (þrjár stjórnur og ein ósk).
Lota 3 9 vikur 31. okt. – 15.jan		Unnið er með markvissa málörvun í tengslum við lestrarþjálfun með hljóðgreiningu orða, s.s. forhljóð og endahljóð.	Markviss málörvun. Verkefni og amboð af vef www.123skoli.is		Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara í þeim tilgangi að nemendur læri af því.

Fylgiskjal 2

Kennsluáætlun í íslensku - 2. bekkur

ÖNN / DAGS:		Innlögn mánudagur (20 mín.):				
SÖNGTEXTAR / LJÓÐ:						
TEXTI:						
LYKILORÐ:						
AUKAVERKEFNI:						
MARKMIÐ:						
	INNLOGN 10 mín	KENNAHÓPUR	SJÁLFSTÆÐIR HÓPAR 25 mín			SAMANTEKT 15 mín Daglega
Mánudagur Gulur - Á, Rauður - B, Grænn - D, Blár - A		Verkefni - A Stafsetning/skrift	Verkefni - Á Ritun/talað og hlustað	Verkefni - B lestur/lesskilningur	Verkefni - D Málfræði	Talað og hlustað
Þriðjudagur Gulur - B, Rauður - D, Grænn - A, Blár - Á						
Miðvikudagur Gulur - D, Rauður - A, Grænn - Á, Blár - B						
Fimmtudagur Gulur - A, Rauður - Á, Grænn - B, Blár - D						

Fylgiskjal 3



Fylgiskjal 4



Fylgiskjal 5



Fylgiskjal 6



Fylgiskjal 7



Fylgiskjal 8

Kennsluáætlun í íslensku - 2. bekkur

ÖNN / DAGS: 31. okt. - 04.nóv.		Innlögn mánudagur (20 mín.) (lestrarstund er sleppt á mánudögum vegna innlagnar):				
SÖNGTEXTAR / LJÓÐ: Stafrófsvísur Þórarins Eldjárns. A, Á, B.....		<ul style="list-style-type: none"> • Stafrófsvísan sungin og klöppuð. • Kennari les ljóð eftir Þórarinn Eldjárn og útskýrir áherslur í ljóðum. • Kennari útskýrir hugtakið atburðarás/söguþráður. Hvað vandamál geta komið upp í ævintýrum og hvernig enda ævintýri. Kennari teiknar upp sögufjall. 				
TEXTI: Stafrófskver Þórarins Eldjárns						
LYKLORÐ: Stafrófsvísur						
AUKAVERKEFNI: Ítaliuskript						
MARKMIÐ: Að nemendur læri stafrófið og geti raðað í einfalda stafrófröð Að nemendur æfi ljóðupplestur með réttum áherslum Að nemendur tileinki sér framsagnaramboð Að nemendur þekki bókmenntahugtökin atburðarás/söguþráður Að nemendur noti leikræna tjáningu við flutning verkefna						
	INNLOGN 10 mín	KENNAHÓPUR	SJÁLFSTÆÐIR HÓPAR 25 mín			SAMANTEKT 15 mín Daglega
Mánudagur Gulur - Á, Rauður - B Grænn - D, Blár - A	Sjá hér að ofan innlögn. Kennari útskýrir öll verkefni.	Verkefni - A Stafsetning/Málfræði	Verkefni - Á Skrift Stafsetning/Málfræði	Verkefni - B Málfræði/Ritun	Verkefni - D Talað og hlustað Lesskilngur/lestur	Talað og hlustað
Þriðjudagur Gulur - B, Rauður - D Grænn - A, Blár - Á	Orðagreining. Stafrófsvísur unnið upp á töflu.	Verkefnablöð um stafrófið. Vekja athygli nemenda á að nýta sér stafrófið sem er upp á vegg.	Nemendur raða stafrófinu upp í stafrófsröð og flokka síðan stafina í samhljóða og sérhljóða.	Nemendur halda áfram með ævintýrið sitt. Skrifa hvað gerist í ævintýrinu og hvernig það endar.	Stafrófskver Þórarins Eldjárns.. Hver nemandi fær úthlutað einu ljóði sem hann æfir sig að lesa í hljóði og upphátt fyrir spjallvin. Nemendur teikna mynd sem tengis ljóðinu.	Nemendur koma upp og lesa ljóðið sitt og sýna mynd
Miðvikudagur Gulur - D, Rauður - Á Grænn - Á, Blár - B	Stafarugl. Nemendur finna ný orð úr stöfunum úr orðinu Stafrófsvísur. Spjallvinir vinna saman.		Aukaverkefni: Ítaliuskript	Skrifað í A-4 stílabók og myndskreytt.		
Fimmtudagur Gulur - Á, Rauður - Á Grænn - B, Blár - D	Leiðsagnarmat - Nemendur vinna tveir og tveir samna. Fá verkefni þar sem nokkrum orðum hefur verið raðað í stafrófsröð. Nem. eiga að finna orðið sem er á röngum stað					

